

Vinnureglur vinnumatssjóðs Háskóla Íslands, sbr. 78. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, með breytingum samþ. í háskólaráði 11. 1. 2024.

1. gr.

Félagsmenn í Félagi háskólakennara sem falla undir matskerfi kennara og sérfræðinga aðrir en nýdóttorar og rannsóknasérfræðingar og gegna a.m.k. hálfu starfi eiga kost á greiðslum fyrir nýsköpun og árangur í rannsóknum umfram vinnuskyldu á liðnu almanaksári. Skulu þeir þá skila vinnuskýrslu til vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands eigi síðar en 1. febrúar ár hvert, sbr. 5. grein. Félagismaður sem hefur starf á undangengnu ári fær greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall á ársgrundvelli en þó ekki minna en 50%. sbr. 4. gr. Félagismaður sem lýkur störfum á undangengnu ári fær greitt í samræmi við starfstíma og starfshlutfall sem innt var af hendi á því ári og þarf að hafa verið í a.m.k. 50% starfi, sjá þó 5. gr. um félagsmenn sem ljúka störfum sökum aldurs. Matsnefndir skipaðar af Stjórn matskerfis meta rannsóknastörf umsækjenda til stiga samkvæmt lið A í Matskerfi opinberra Háskóla, sbr. grein 2.3 í stofnanasamningi, dags. 20. desember 2023. Ekki er greitt úr vinnumatssjóði vegna áunninna stiga fyrir lokaritgerðir s.s. doktors- og meistararitgerðir, eða fyrir önnur verk sem sérstaklega eru undanskilin í matskerfi opinberra háskóla.

2. gr.

Vinnumatssjóður Fh er sérstakur sjóður. Andvirði stiga umfram þröskuld úr Vinnumatssjóði eru reiknuð á sama verðgildi fyrir alla akademíska starfsmenn og aðjunta 1.

Með akademískum starfsmönnum er átt við eftirfarandi starfsheiti: Lektor, dósent, prófessor, sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður.

3. gr.

Greiðslur fyrir hvert rannsóknastig úr vinnumatssjóði taka mið af starfshlutfalli hvers og eins. Þannig fær félagismaður sem er í hálfu starfi greitt fyrir helming af stigum að frádregnum helming af þröskuldi starfsmanns í fullu starfi sbr. 4. gr.

4. gr.

Við útreikning á rannsóknafamlagi félagsmanna í fullu starfi skal árlegur þröskuldur kennara og sérfræðinga með 50% rannsóknaskyldu eða minna miðast við 7 stig, sjá þó grein 2.7 í stofnanasamningi. Árlegur þröskuldur þeirra sem eru með 100% rannsóknaskyldu miðast við 14 stig og annarra hlutfallslega þar á milli. Þannig miðast árlegur þröskuldur þeirra sem eru með 60% rannsóknaskyldu við 9,33 stig og árlegur þröskuldur þeirra sem eru með 80% rannsóknaskyldu við 11,67 stig. Séu rannsóknastig umfram lágmarksstigafjölda fleiri en 60 reiknast þau stig sem umfram eru í veldinu 0,8. Úthlutað er í hlutfalli við umreiknuð rannsóknastig. Stig þeirra sem eru með annað starfshlutfall og/eða annað hlutfall rannsóknaskyldu eru reiknuð hlutfallslega sbr. 3. gr. og í samræmi við ákvæði í ráðningarsamningi.

5. gr.

Vinnuskýrslu skal skila til vísinda- og nýsköpunarsviðs Háskóla Íslands eigi síðar en 1. febrúar ár hvert. Árlegt mat skal liggja fyrir í síðasta lagi 1. júní ár hvert og skal vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands úthluta greiðslum úr sjóðnum 1. september ár hvert. Félagismaður í Félagi háskólakennara getur fengið greitt úr sjóðnum á árinu eftir að hann fer á eftirlaun vegna rannsókna sem unnar eru á því ári sem hann lætur af störfum.

6. gr.

Gefinn er kostur á að skila inn athugasemdum til vísinda- og nýsköpunarsviðs við niðurstöðu mats innan 15 daga frá því það liggur fyrir. Ágreiningi skal vísa til málsskotsnefndar skipaðri af stjórn matskerfis. Málsskotsnefnd ber að kanna, hvort mat hafi verið í samræmi við reglur. Úrskurður hennar er endanlegur.

